

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 25. júlí 1978

um breytingu á tilskipunum 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 66/403/EBE, 68/193/EBE, 69/208/EBE og 70/458/EBE um markaðssetningu sykkurófufræja, fódurjurtafræja, sáðkorns, útsæðiskartaflna, efnis fyrir kynlausa fjölgun vínviðar, olíu- og trefjajurtafræja og matjurtafræja

(78/692/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Af ástæðum sem greint er frá hér á eftir ætti að breyta ákveðnum tilskipunum um markaðssetningu á fræi og fjölgunarefni.

Í gildandi ákvæðum þessara tilskipana þar sem fjallað er um lokun og merkingar á fræi og fjölgunarefni er ekki höfð hliðsjón af tækniframförum á sviði umbúða, lokunar og merkinga. Þeim ætti því að breyta.

Einnig er nauðsynlegt hvað varðar útsæðiskartöflur að sýni vegna athugunar á hnýðum til vottfestingar séu tekin opinberlega í samræmi við viðurkenndar aðferðir.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun ráðsins 66/400/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykkurófufræja ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/55/EBE ⁽⁴⁾, breytist sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 183, 1. 8. 1977, bls. 64.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 180, 28. 7. 1977, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2290/66.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 16, 20. 1. 1978, bls. 23.

1. Í stað 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðum stofnfræja og vottaðra fræja, nema þegar fræ í síðari floknum eru í formi EB-smápakka, sé lokað opinberlega eða undir opinberu eftirliti þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar þær eru opnaðar eða ummerki sjáist annaðhvort á opinbera merkimiðanum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr., eða á umbúðunum.

Til að tryggja að umbúðirnar séu lokaðar skal að minnsta kosti annaðhvort fyrrnefndur merkimiði eða opinbert innsigli vera á lokunarbúnaðinum.

Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í annarri undirgrein eru ekki nauðsynlegar fyrir einnota lokunarbúnað.

Í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. er hægt að sannreyna hvort tiltekinn lokunarbúnaður uppfyllir ákvæði þessarar málsgreinar.“

2. Í fyrsta málslið 2. mgr. 10. gr. komi orðin „eða undir opinberu eftirliti“ á eftir „opinberlega“.

3. Í stað 3. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að EB-smáþökkum sé lokað þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar þakkinn er opnaður eða ummerki sjáist annaðhvort á merkimiðanum eða á umbúðunum. Í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. er hægt að sannreyna hvort tiltekinn lokunarbúnaður uppfyllir ákvæði þessarar málsgreinar. Ekki skal loka þökkum aftur, hvorki einu sinni né oft, nema undir opinberu eftirliti.“

4. Í c-lið 3. mgr. 14. gr. bætist eftirfarandi við á eftir liðnum „tilvísunarnúmer vörueiningar“:

„— mánuður og ár lokunar,

eða

— mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku fyrir vottfestingu.“

5. Í I-hluta A-hluta III. viðauka bætist eftirfarandi við:

„3. a) mánuður og ár lokunar, sett fram á þennan hátt: „lokað...“ (mánuður og ár),

eða

mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku fyrir vottfestingu, sett fram á þennan hátt: „sýnataka...“ (mánuður og ár).“

2. gr.

Tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/386/EBE ⁽²⁾, breytist sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðum stofnfræja, vottaðra fræja og sölufræja, nema þegar fræ í tveimur síðari flokkunum eru í formi EB-smápakka B, sé lokað opinberlega eða undir opinberu eftirliti þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar þær eru opnaðar eða ummerki sjáist annaðhvort á opinbera merkimiðanum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr., eða á umbúðunum.

Til að tryggja að umbúðirnar séu lokaðar skal að minnsta kosti annaðhvort fyrrnefndur merkimiði eða opinbert innsigli vera á lokunarbúnaðinum.

Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í annarri undirgrein eru ekki nauðsynlegar fyrir einnota lokunarbúnað.

Í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. er hægt að sannreyna hvort tiltekinn lokunarbúnaður uppfyllir ákvæði þessarar málsgreinar.“

2. Í fyrsta málslið 2. mgr. 9. gr. komi orðin „eða undir opinberu eftirliti“ á eftir „opinberlega“.

3. Í stað 3. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að EB-smápökkum B sé lokað þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar pakkinn er opnaður eða ummerki sjáist annaðhvort á merkimiðanum eða á umbúðunum. Í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. er hægt að sannreyna hvort tiltekinn lokunarbúnaður uppfyllir þessi ákvæði. Ekki skal loka pökkum aftur, hvorki einu sinni né oftár, nema undir opinberu eftirliti.“

4. Í c-lið 3. mgr. 14. gr. bætist eftirfarandi á eftir liðnum „tilvísunarnúmer vörueiningar“:

„— mánuður og ár lokunar,

eða

— mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku fyrir vottfestingu.“

5. Í a-lið I-hluta A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„3.a mánuður og ár lokunar, sett fram á þennan hátt: „lokað...“ (mánuður og ár),

eða

mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku fyrir vottfestingu, sett fram á þennan hátt: „sýnataka...“ (mánuður og ár).“

6. Í b-lið I-hluta A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„4.a mánuður og ár lokunar, sett fram á þennan hátt: „lokað...“ (mánuður og ár),

eða

mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku fyrir vottfestingu, sett fram á þennan hátt: „sýnataka...“ (mánuður og ár).“

7. Í c-lið I-hluta A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„3.a mánuður og ár lokunar, sett fram á þennan hátt: „lokað...“ (mánuður og ár).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 113, 25. 5. 1978, bls. 1.

3. gr.

Tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/387/EBE ⁽²⁾, breytist sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðum stofnsáðkorns og vottaðs sáðkorns í öllum flokkum sé lokað opinberlega eða undir opinberu eftirliti þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar þær eru opnaðar eða ummerki sjáist annaðhvort á opinbera merkimiðanum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr., eða á umbúðunum.

Til að tryggja að umbúðirnar séu lokaðar skal að minnsta kosti annaðhvort fyrirnefndur merkimiði eða opinbert innsigli vera á lokunarbúnaðinum.

Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í annarri undirgrein eru ekki nauðsynlegar fyrir einnota lokunarbúnað.

Í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. er hægt að sannreyna hvort tiltekinn lokunarbúnaður uppfyllir ákvæði þessarar málsgreinar.“

2. Í fyrsta málslið 2. mgr. 9. gr. komi orðin „eða undir opinberu eftirliti“ á eftir „opinberlega“.

3. Í c-lið 3. mgr. 14. gr. bætist eftirfarandi við á eftir liðnum „tilvísunarnúmer vörueiningar“:

„— mánuður og ár lokunar,

eða

— mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku fyrir vottfestingu.“

4. Í a-lið A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi við:

„3. a mánuður og ár lokunar, sett fram á þennan hátt: „lokað...“ (mánuður og ár),

eða

mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku fyrir vottfestingu, sett fram á þennan hátt: „sýnataka...“ (mánuður og ár).“

5. Í b-lið A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi við:

„3. a mánuður og ár lokunar, sett fram á þennan hátt: „lokað...“ (mánuður og ár),

eða

mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku fyrir vottfestingu, sett fram á þennan hátt: „sýnataka...“ (mánuður og ár).“

4. gr.

Tilskipun ráðsins 66/403/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu útsæðiskartaflna ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 77/648/EBE ⁽⁴⁾, breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að sýni vegna athugunar á hnýðum til vottfestingar séu tekin opinberlega í samræmi við viðurkenndar aðferðir.“

2. Í stað 1. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðum og flátum stofnútsæðis og vottaðs útsæðis sé lokað opinberlega eða undir opinberu eftirliti þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar þær eru opnaðar eða ummerki sjáist annaðhvort á opinbera merkimiðanum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr., eða á umbúðunum.

Til að tryggja að umbúðirnar séu lokaðar skal að minnsta kosti annaðhvort fyrirnefndur merkimiði eða opinbert innsigli vera á lokunarbúnaðinum.

Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í annarri undirgrein hér að framan eru ekki nauðsynlegar fyrir einnota lokunarbúnað.

Í samræmi við málsmeðferðina í 19. gr. er hægt að sannreyna hvort tiltekinn lokunarbúnaður uppfyllir ákvæði þessarar málsgreinar.“

3. Í fyrsta málslið 2. mgr. 9. gr. komi orðin „eða undir opinberu eftirliti“ á eftir „opinberlega“.

4. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að flát og umbúðir stofnútsæðis og vottaðs útsæðis:

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 113, 25. 4. 1978, bls. 13.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2320/66.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 261, 14. 10. 1977, bls. 21.

a) séu merktar að utan með opinberum merkimiða sem hefur ekki verið notaður áður, sem uppfyllir skilyrði III. viðauka og er á einhverju opinberu tungumáli bandalagsins. Merkimiðinn skal vera hvítur fyrir stofnútsæði og blár fyrir vottað útsæði. Þegar notaður er merkimiði með gati skal festing hans alltaf tryggð með opinberu innsigli. Notkun opinberra límmiða er heimiluð. Í samræmi við málsmeðferðina í 19. gr. má heimila prentun tilskilinna upplýsinga með óafmáanlegu bleki á umbúðirnar, undir opinberu eftirliti og samkvæmt fyrirmynd merkimiðans;

b) innihaldi opinbert skjal, í sama lit og merkimiðinn, með að minnst kosti þeim upplýsingum sem eiga að vera á merkimiðanum samkvæmt 3., 4., og 6. tölul. A-hluta III. viðauka. Þetta skjal skal vera þannig úr garði gert að ekki sé hægt að rugla því saman við opinbera merkimiðann sem getið er um í a-lið.

Skjalið er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á umbúðirnar með óafmáanlegu bleki, sbr. ákvæði a-liðar, eða notaður er límmiði eða miði úr efni sem rifnar ekki.

2. Aðildarríkin mega kveða á um frávik frá 1. mgr. fyrir litla pakka sem eru merktir: „eingöngu til sölu í... (viðkomandi aðildarríki)“.

5. Í stað „hafa verið merktar og hefur verið lokað eins og lýst er í þessari tilskipun“ í 1. mgr. 13. gr. komi „hafa verið merktar og hefur verið lokað opinberlega eða undir opinberu eftirliti“.

6. Í c-lið 4. mgr. 13. gr. bætist eftirfarandi á eftir liðnum „tilvísunarnúmer vörueiningar“:

„— mánuður og ár lokunar,“

7. Í A-hluta III. viðauka bætist eftirfarandi:

„3.a mánuður og ár lokunar,“

8. 9. tölul. A-hluta III. viðauka falli niður.

5. gr.

Í stað 9. gr. tilskipunar ráðsins 68/193/EBE frá 9. apríl 1968 um markaðssetningu efnis fyrir kynlausa fjölgun vínviðar⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/55/EBE komi:

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 93, 17. 4. 1968, bls. 15.

„9. gr.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðum og búntum fjölgunarefnis sé lokað þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar þær eru opnaðar eða ummerki sjáist annaðhvort á opinbera merkimiðanum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr., eða á umbúðunum. Á þeim skal einnig vera blýinnsigli eða sambærilegur lokunarbúnaður festur af þeim sem sér um að festa merkimiðann. Í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. er hægt að sannreyna hvort tiltekinn lokunarbúnaður uppfyllir ákvæði þessarar málsgreinar. Umbúðum skal ekki loka aftur, hvorki einu sinni né oftár, nema undir opinberu eftirliti.“

6. gr.

Tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/388/EBE⁽³⁾, breyttist sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 9. gr. komi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðum stofnfræja, vottaðra fræja í öllum flokkum og sölufræja sé lokað opinberlega eða undir opinberu eftirliti þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar þær eru opnaðar eða ummerki sjáist annaðhvort á opinbera merkimiðanum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr., eða á umbúðunum.

Til að tryggja að umbúðirnar séu lokaðar skal að minnsta kosti annaðhvort fyrrnefndur merkimiði eða opinbert innsigli vera á lokunarbúnaðinum.

Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í annarri undirgrein eru ekki nauðsynlegar fyrir einnota lokunarbúnað.

Í samræmi við málsmeðferðina í 20. gr. er hægt að sannreyna hvort tiltekinn lokunarbúnaður uppfyllir ákvæði þessarar málsgreinar.“

2. Í fyrsta málslið 2. mgr. 9. gr. komi orðin „eða undir opinberu eftirliti“ á eftir „opinberlega“.

3. Í c-lið 3. mgr. 13. gr. bætist eftirfarandi við á eftir liðnum „tilvísunarnúmer vörueiningar“:

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 113, 25. 4. 1978, bls. 20.

„— mánuður og ár lokunar,
eða

— mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku fyrir vottfestingu.“

4. Í stað orðanna í 3. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:

„— mánuður og ár lokunar, sett fram á þennan hátt:
„lokað...“ (mánuður og ár),

eða

mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku fyrir vottfestingu, sett fram á þennan hátt: „sýnataka...“ (mánuður og ár).“

5. Í stað orðanna í 4. tölul. b-liðar A-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:

„— mánuður og ár lokunar, sett fram á þennan hátt:
„lokað...“ (mánuður og ár).“

7. gr.

Tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/55/EBE, breytist sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 25. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðum stofnfræja og vottaðra fræja, sem ekki eru í formi EB-smápakka, sé lokað opinberlega eða undir opinberu eftirliti þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar þær eru opnaðar eða ummerki sjáist annaðhvort á opinbera merkimiðanum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 26. gr., eða á umbúðunum.

Til að tryggja að umbúðirnar séu lokaðar skal að minnsta kosti annaðhvort fyrrnefndur merkimiði eða opinbert innsigli vera á lokunarbúnaðinum.

Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í annarri undirgrein eru ekki nauðsynlegar fyrir einnota lokunarbúnað.

Í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr. er hægt að sannreyna hvort tiltekinn lokunarbúnaður uppfyllir ákvæði þessarar málsgreinar.“

2. Í fyrsta málslið 2. mgr. 25. gr. komi orðin „eða undir opinberu eftirliti“ á eftir „opinberlega“.

3. Í stað 3. mgr. 25. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðum stofnfræja og litlum pökkum með fræjum í flokknum vottað fræ sé lokað þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar þær eru opnaðar eða ummerki sjáist á opinbera merkimiðanum, sem kveðið er á um í 3. mgr. 26. gr., eða á umbúðunum. Á umbúðum, þó ekki litlum pökkum, skal einnig vera blynnisigli eða sambærilegur lokunarbúnaður festur af þeim sem sér um að festa merkimiðann. Í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr. er hægt að sannreyna hvort tiltekinn lokunarbúnaður uppfyllir ákvæði þessarar málsgreinar. Litlum pökkum með fræjum í flokknum vottað fræ skal ekki loka aftur, hvorki einu sinni né oft, nema undir opinberu eftirliti.“

4. Við 25. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„4. Aðildarríkin mega kveða á um frávik frá 1. og 2. mgr. fyrir litla pakka af stofnfræi.“

5. Í c-lið 3. mgr. 30. gr. bætist eftirfarandi við á eftir liðnum „tilvísunarnúmer vörueiningar“:

„— mánuður og ár lokunar,

eða

— mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku fyrir vottfestingu.“

6. Í stað a-liðar A-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:

„1. EBE-reglur og -staðlar.

2. Vottunaraðilar og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra.

3. Mánuður og ár lokunar, sett fram á þennan hátt:
„lokað...“ (mánuður og ár),

eða

mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku fyrir vottfestingu, sett fram á þennan hátt: „sýnataka...“ (mánuður og ár).

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.

4. Tilvísunarnúmer vörueiningar.
5. Tegund.
6. Stofn.
7. Flokkur.
8. Framleiðsluland.
9. Uppgefin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgefinn fjöldi fræja.
10. Tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar aldinklasa eða hreinna fræja og heildarþyngdar, þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi.
11. Hafi að minnsta kosti spírunarhæfni verið endurprófuð má tilgreina orðin „endurprófað ... (mánuður og ár).“
7. Í stað a-liðar B-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:
- „1. EBE-reglur og -staðlar.
2. Nafn og heimilisfang einstaklings sem ber ábyrgð á að merkimiðarnir séu settir á eða auðkenni hans.
3. Ræktunarár lokunar eða síðustu athugunar á spírunarhæfni. Hægt er að tilgreina lok ræktunarársins.
4. Tegund.
5. Stofn.
6. Flokkur: á litlum pökkum má merkja vottað fræ með bókstafnum „C“ eða „Z“ og staðlað fræ með stöfunum „ST“.
7. Tilvísunarnúmer gefið upp af einstaklingi sem ber ábyrgð á að merkimiðarnir séu settir á — fyrir staðlað fræ.
8. Tilvísunarnúmer til að auðkenna vottaða vörueiningu — fyrir vottað fræ.
9. Uppgefin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgefinn fjöldi fræja, nema fyrir litla pakka sem eru innan við 500 grömm.
10. Tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar aldinklasa eða hreinna fræja og heildarþyngdar, þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi.“
8. gr.
- Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að:
- ákvæðum 1. til 4., 6. og 7. gr. eigi síðar en 1. júlí 1977, og
- öllum öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en 1. júlí 1979.
9. gr.
- Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.
- Gjört í Brussel 25. júlí 1978.
- Fyrir hönd ráðsins,*
H. J. ROHR
forseti.